

Ed.

763. Tillaga

til þingsályktunar um skólahald næsta vetur.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að heimila stjórninni:

1. að láta háskólakenslu falla niður næsta vetur, þó þannig, að nemendur, sem ætla að taka fyrri eða síðari hluta embættisprófs í vetur eða vor, fái til afnota 2—3 kenslustofur í mentaskólanum, til þess að kensla fari þar fram.
2. að láta falla niður að öllu leyti kenslu í hinum almenna mentaskóla og í gagnfræðaskólanum á Akureyri. Þó skulu nemendur hafa leyfi til að ganga undir vorpróf á venjulegan hátt, enda skulu þeir einskis í missa fyrir aldurs sakir.
3. að láta kenslu við kennaraskólann og stýrimannaskólann falla niður.
4. að láta kenslu í bændaskólunum falla niður, nema verklegt nám að vorinu.
5. að greiða ekki skólum þeim, sem styrktir eru af landsfje, meiri styrk en nemur venjulegu kaupi fastra kennara og tímakennara, enda komi þar í móti fje annarstaðar frá í sama hlutfalli og krafist er í nógildandi fjárlögum.
6. að láta enga breytingu verða á yfirsetukvennaskólanum nje vjelstjóraskólanum.
7. að greiða öllum kennurum landsskólanna, jafnt stundakennurum sem öðrum, full laun, eftir því sem verið hefir.